

Minnisblað.

mál nr. 1702100. Ósk um að fjölga starfsdögum leikskólanna

Leikskólastjórar í Garðabæ hafa óskað eftir hálfum starfsdegi í kjölfar þess að Menntadagur var settur á en það er hálfur dagur þar sem leik- og grunnskólakennarar kynna starfsemi sína. Menntadagurinn er mikilvægur til að kennarar skólastiganna geti upplýst hvorn annan um námsefni og kennsluhætti og vinni að samfellu í námi. Kynnt eru þau verkefni sem styrkt hafa verið af þróunarsjóðnum ásamt öðrum þróunarverkefnum.

Skipulagsdagar í leikskólum hafa verið nýttir fyrir *fræðslu 1 1/2 dagur, almenna skipulagsvinnu 2 dagar og námskeið erlendis.*

Í nágrannasveitarfélögunum er fjöldi skipulagsdaga eftirfarandi:

Seltjarnarnes 5 dagar

Kópavogur 5 dagar

Hafnarfjörður 5 dagar

Mosfellsbær 4 dagar

Reykjavík 6 dagar

Dagurinn skal tekinn hálfur og verður honum ekki skeytt við anna hálfan dag.

Garðabæ

1. febrúar 2017.

Til leikskólanefndar Garðabæjar.

Efni bréfs. Ósk um að fjölga starfdögum leikskólanna úr þremur og hálfum í fjóra.

Við undirritaðar leikskólastjórar í Garðabæ fögnum þeirri nýbreytni skólayfirvalda í Garðabæ að efla skólastarf bæjarins með því að koma á fót Menntadegi í Garðabæ sem við vonum að sé komin til að vera.

Á menntadeginum kom glögg fram hversu mikil gróska er í skólastarfi bæjarins og voru fyrirlestrar og kynningar afar áhugaverðar og er merki um faglegt og gott skólastarf í bænum.

Skólar bæjarins eru með sameiginlega skipulagsdaga og var hálfur skipulagsdagur í október nýttur undir Menntadaginn svo allir gætu notið þess að kynna sig og sjá hvað aðrir skólar eru að gera.

Við viljum þó benda á að leikskólunum veitir ekki af öllum þessum tíma í skipulagningu á starfi sínu. Þess vegna viljum við óska eftir því að hálfri skipulagsdagurinn í byrjun janúar verði heill dagur, þannig getum við haft heilan starfsdag í janúar og helmingur skipulagsdagsins í október verið tekinn undir menntadag.

Með vinsemi og virðingu

Leikskólastjórar leikskóla Garðabæjar og leikskólastjórar sjálfstættstarfandi leikskóla í
Garðabæ.

Hjördís Ólafsdóttir, Kralukahoti
Eiríkur Kræm. Litlu Ásard
Ásrun Vilbergsd. Ásar
Ólafur Forðal Hladarhol
Siggrímur Sigurðsson
Ragnhildur Skutadóttir
Asta Kr. Valgarðsd. Kirkjuból.
Björg Helga Geirsdóttir Lundaból
Jóhanna Þorvaldsd. Summuhall
Anna Björnsdóttir Bæjarból

Lánnýðing flataskóli leikskólanna